26. janúar 2021

1. fundur kl. 18:00

Skúlagarði, Kelduhverfi

Fundur hverfisráðs Kelduhverfis með fulltrúum Ungmennafélags Leifs heppna og Kvenfélags Keldhverfinga ásamt sveitarstjóra Norðurþings um framtíð Skúlagarðs.

Mætt:

Ágústa Ágústsdóttir og Salbjörg Matthíasdóttir f.h. Leifs heppna

Hrund Ásgeirsdóttir f.h. Kvenfélags Keldhverfinga

Jóhannes Guðmundsson, Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir og Sigrún Björg Víkingur f.h. Hverfisráðs Kelduhverfis

Charlotta Englund og Kristján Þór Magnússon f.h. Norðurþings.

Dagskrá

1. Kynning á starfi Atvinnu- og samfélagsfulltrúa Öxarfjarðarhéraðs.

Sveitarstjóri kynnti starf Atvinnu- og samfélagsfulltrúa sem er ákveðin prófraun til áframhaldandi eflingar atvinnulífs og samfélags í Öxarfjarðarhéraði í framhaldi af verkefninu Brothættar byggðir sem lauk með þátttöku Byggðastofnunar um áramótin. Hlutverk Atvinnu- og samfélagsfulltrúa er m.a. að vera starfsmaður hverfisráðanna og stuðla þannig að bættum tengslum ráðanna og íbúa svæðisins við stjórnsýsluna.

2. Rætt um framtíð Skúlagarðs.

Undanfarin ár hefur fasteignin verið leigð út til rekstraraðila, ljóst er orðið að það fyrirkomulag er óhentugt til lengdar og því var niðurstaðan á síðasta fundi stjórnar Skúlagarðs fasteignafélags ehf að skoða mögulega sölu á fasteigninni að því gefnu að samstaða náist meðal hluthafa, þar sem þyrfti að selja hana í heilu lagi. Fulltrúar Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins eru jákvæðir gagnvart frekari skoðun á mögulegri sölu sinna hluta og munu á komandi dögum boða til fundar hjá sínum félögum og í framhaldi af því taka afstöðu.

4. Önnur mál

Rætt um fyrirkomulag snjómoksturs á þjóðveginum (vegur 85) frá Kelduhverfi að Kópaskeri. Miðað við núverandi fyrirkomulag þá eru mokstursbílarnir að fara af stað á morgnana um það leyti sem

starfsmenn stærstu vinnustaða á svæðinu eiga að vera mættir til vinnu, þá er mokstri ekki lokið þegar skólabílarnir eru á ferðinni sem er afar bagalegt í ljósi þess að aðstæður eru oft mjög varasamar. Sama vandamál er til staðar þegar skólabílar keyra börnin úr skólanum og stærstu vinnustaðirnir hætta vinnu, milli þrjú og fjögur. Atvinnu- og samfélagsfulltrúi mun senda erindi til Vegagerðarinnar í samráði við hverfisráðin, skólabílstjóra og fyrirtæki á svæðinu þar sem óskað er eftir því að þetta sé endurskoðað til að auka umferðaröryggi og mæta þörfum samfélagsins.

Fundi slitið 19:10

Sigríður Víkingur
Sigþrúður Stella Jóhannsd.
Jóhannes Guðmundsson